

Sp. 21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um jarðboranir í Krýsuvík og á Reykjanesi.

Flm.: Matthias Á. Mathiesen, Alfreð Gíslason, bæjarfógeti.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara, svo fljótt sem auðið er, ýtarlegar rannsóknir á jarðhitasvæðunum á Reykjanesi með það fyrir augum m. a., að þær orkulindir verði hagnýttar til hitaveitna fyrir nálægar byggðir.

Jafnframt ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að Hafnarfjarðarkaupstað verði hið bráðasta veitt afnot af jarðbor ríkisins og Reykjavíkurbæjar til framhaldsrannsókna í Krýsuvík.

Greinargerð

Sú reynsla, sem þegar hefur fengizt af hinum stórvirka jarðbor ríkisins og Reykjavíkurbæjar, hefur mjög glætt vonir þess fólks, sem býr í næsta nágrenni við jarðhitasvæðin í Krýsuvík og á Reykjanesi, um virkjun jarðhitans til upphitunar húbýla.

Í álitserðum þeim, sem verkfræðingar jarðborunardeildar ríkisins hafa látið frá sér fara um nýtingu varmans úr iðrum jarðar, hafa hitaveitur verið taldar mjög vel fjárhagslega tryggð fyrirtæki.

Frá þjóðhagslegu sjónarmiði þarf ekki að fjölyrða um gildi hitaveitna, en eins og nú er komið, munu hitaveitur þær, sem stofnað hefur verið til, spara þjóðinni árlega um 28 millj. króna í erlendum gjaldeyri, en innflutt eldsneyti til upphitunar húbýla mun vera um 85 millj. króna.

Af þessu má sjá, að gjaldeyrishlið þessa máls er mjög ihugunarverð, og augljóst, að áframhaldandi virkjanir til húbýlahitunar eru beinn hagnaður fyrir þjóðina alla.

Þau byggðarlög, sem liggja að ofangreindum svæðum, hafa þegar hafið undirbúning að þessum málum. M. a. hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar látið framkvæma boranir í Krýsuvík með mjög góðum árangri og bíður nú eftir því að fá hinn stórvirka jarðbor til framhaldsrannsókna.

Bæjarstjórn Keflavíkur, hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps og fleiri byggðarlög þar syðra hafa haft þessi mál til athugunar undanfarin ár og munu innan tíðar væntanlega bindast samtökum um framkvæmd þeirra.

Að jarðborunum á Reykjanesi hefur hins vegar verið unnið að mjög litlu leyti, en nauðsynlegt er að hefja sem fyrst undirbúning að borunum þar.